

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi í landi Hróarsstaða, Fnjóskadal.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur þann 21. júní 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Um er að ræða breytingu á byggingarskilmálum og greinargerð þar sem stærðarmörk húsa eru aukin og ákveðið að blönduð byggð verði á öllum svæðum (A, B og C) auk þess sem svæðunum eru gefin nöfn.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Kjarna, 10. júlí 2007.*

**Sigbjörn Gunnarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. ágúst 2007